

Sameiginlegur jólafundur Beta- og Mýdeildar, haldinn að Brúnum í Eyjafjarðarsveit 30. nóvember 2017 kl. 19:00

Dagskrá:

1. Setning fundar

Aníta, formaður Betadeildar setti fund og bauð sérstaklega velkomnar Jónu Benediktsdóttur landssambandsforseta DKG og gesti Betadeildar, þær Pia Viinika, Sigurbjörgu Rún Jónsdóttur og Zane Brikovska.

2. Orð til umhugsunar

Bryndís formaður Mýdeildar hafði ætlað að sjá um þennan lið en hún forfallaðist á síðustu stundu og þess í stað las Dagný Birnisdóttir úr Mýdeild frásögn Hildigunnar Guðmundsdóttur af jólahaldi á 5. tug síðustu aldar en hún ólst upp á Brjánslæg í minni Vatnsfjarðar.

3. Ávarp landssambandsforseta Jónu Benediktsdóttur

Jóna minnti á markmið DKG en þau eru sjö og hverfast um það hvernig við getum hjálpað hver annarri til áhrifa og stutt menntamál. Hún lagði áherslu á að konur stæðu saman og styddu hver aðra. Hún sagðist ekki hafa séð tilganginn með Rauðsokkuhreyfingunni til að byrja með því hún missti móður sína sem barn og faðir hennar sá um heimilið. Augu hennar hafi ekki opnast fyrir nauðsyn Rauðsokkuhreyfingarinnar fyrr en á fundi einum þar sem kona ein bað hana að tala í sinn stað því hún þorði ekki að tjá sig.

4. Frásögn Rósu Kristínar Júlíusdóttur úr Betadeild af jólahaldi á Ítalíu árið 1968

Rósa lýsti sínum fyrstu jólum á Ítalíu en hún dvaldi í Perugia jólin 1968. Perugia er á Suður-Ítalíu. Rósa hafði dvalið í Perugia um sumarið til að læra ítölsku áður en hún hæfi listnám í Mílanó. Í Perugia kynntist hún tilvonandi manni sínum, Nick, Bandaríkjamanni ættuðum frá Perugia í föðuætt.

Nick bauð henni til Perugia um jólin og haldið var af stað frá Mílanó þremur dögum fyrir jól. Ferðalagið reyndist erfitt og steinleið yfir Rósu þegar komið var á áfangastað heima hjá ömmu Nicks en Rósa hressist brátt eftir að hafa fengið líkjör og sætar kökur. Húsin sem fjölskylda Nicks átti voru öll frá 14.-15. öld, köld en með góðum búrum þar sem allt var fullt af mat en á Ítalíu skiptir matur og borðhald miklu máli í jólahaldinu. Dagana fyrir jólin var farið í ferðir um Perugia og nágrenni, styttri ferðir voru farnar á ösnum og múldýrum en þær lengri á bílum.

Í jólahaldi á Suður-Ítalíu skipta fjárhúsið og jatan frá Betlehem miklu máli og mikið var um skreytingar tengdar þeim en lítið sem ekkert var um það sem okkur finnst hefðbundnar jólaskeytingar eins og t.d. jólatré. Jólásveinninn skiptir ekki eins miklu máli og nornin Befana á Ítalíu og það er hún sem færir börnunum jólagjafir.

Kvöldmáltíðin á aðfangadag skipti miklu máli en hún samanstóð af mörgum fiskréttum og pasta því ekki mátti borða kjöt fyrir miðnætti. Einn af fiskréttunum var saltfiskur og þá var mikið talað um Ísland, því jú saltfiskurinn kemur gjarnan þaðan og sagðist Rósa þá hafa fengið töluverða heimþrá enda voru þetta fyrstu jólin hennar að heiman. Rósa heldur enn stundum það sem hún kallar fiskijól, þ.e. borðar ekki kjöt á aðfangadag. Stuttu fyrir miðnætti var lagt af stað í

messu og það vakti athygli Rósu að konurnar gengu saman á undan körlunum. Þegar heim var komið úr messunni voru kjötréttir á boðstólum.

Jóladagurinn var eins og aðfangadagur mikil matarhátíð. Yfir jóladagana var spilað á spil og einnig var bingó og litið var inn hjá ættingjum. Engar jólagjafir voru fyrir utan að tilvonandi tengdaforeldrar Rósu höfu komið með gjafir með sér frá Ameríku. Annan í jólum fékk Rósa forláta sokka frá ömmu Nicks í gjöf og lét Rósa ganga sokka sem voru samskonar gerðar, þetta voru þrjónaðir hvítir hásokkar úr mjög fínu garni og voru fundarkonur sammála um að þær hefðu sjaldan séð annað eins handbragð.

5. Fundarslit

Aníta sleit fundi um kl. 21:30 en áður hafði þeim gestgjöfum að Brúnum, Hugrónu Hjörleifsdóttur og Einari Gíslasyni, verið færðar þakkir fyrir góðar veitingar og að venju hafði pyngja Betasystra til styrktar stúlkum í Afríku verið látin ganga.

Fundargerð ritaði Dagný Birnisdóttir Mý deild í fjarveru ritara Betadeildar